



Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hádegisverði Lögþingsins í Færeyjum
28. júní 2001

Lögþingsformaður,
lögmaður
og aðrir góðir gestir

Við Íslendingar höfum ætíð borið mikla virðingu fyrir Lögþingi Færeyinga og ég þakka þann heiður og gestrisni sem Lögþingið sýnir mér og Íslendingum hér í dag.

Alþingi Íslendinga og Lögþing Færeyinga eru greinar af sama meiði. Bæði eiga sér rætur í sögu landnáms og vilja frjálsra manna fyrir um þúsund árum til að skipa málum með réttlæti og samstöðu að leiðarljósi. Þessi leiðsögn frá liðnum tíma hefur fylgt okkur á langri leið og þjóðir okkar geta stoltar vísað til sögunnar þegar við treystum samvinnu okkar í nútíð og framtíð.

Lögþing Færeyinga og Alþingi Íslendinga hafa rutt braut um samvinnu þjóðanna í norðvestanverðu Atlantshafi. Þingmenn okkar og Grænlandinga hafa á reglulegum fundum sínum verið upphafsmenn að margvíslegum umbótum og framförum, skapað vettvang þar sem viljinn til samfylgdar birtist með skýrum hætti.

Það lýsir vel lýðræðishefðinni meðal þjóða okkar að það skuli einmitt hafa verið hinar kjörnu fulltrúasamkomur sem leitt hafa þróunina til nánari tengsla. Víðast hvar í veröldinni eru það embættisstofnanir og framkvæmdavaldið sem annast slík samskipti þjóða. Hjá okkur, Færeyingum og Íslendingum, eru það þingin sem eru burðarásinn í samvinnunni.

Færeyingar eru í hugum okkar Íslendinga frændur og vinir, tengsl okkar nánari og heilsteyptari en við aðrar þjóðir. Sagan og menningin eru okkur í senn endurnýjun og myndbirting þess afls sem í okkur býr og þjóðtungurnar tvær, færeyska og íslenska, skyldari en títt er um önnur

mál. Færeyjar eru líklega eina landið þar sem Íslendingum finnst þeir ekki vera útlendingar heldur heimamenn.

Við höfum líka Íslendingar leitast við að sýna að við metum í verki vináttuna við Færeyinga. Ákvarðanir okkar um ráðstöfun veiðiheimilda í hafinu kringum Ísland, dýrmætustu auðlindarinnar sem við eigum, til færeyska sjómanna endurspegla það hugarþel sem við viljum sýna Færeyingum.

Við metum líka mikils hjálpsemina og vináttuna sem Færeyingar hafa sýnt okkur þegar áföll hafa orðið í okkar landi. Samúðin og stuðningurinn sem Færeyingar færðu Íslendingum þegar snjóflóðin féllu á Vestfjörðum fyrir fáeinum árum munu aldrei líða okkur úr minni.

Við eigum í vináttu okkar, arfleifð og sameiginlegum hagsmunum dýrmæta eiginleika sem nýst geta til góðra verka þegar kallað verður á aukna samvinnu þjóðanna á norðvestanverðu Atlantshafi.

Nú þegar hafa þingin í Færeyjum, Íslandi og Grænlandi góða reynslu af samvinnunni og reglubundin samráð oddvita framkvæmdavaldsins er að festast í sessi.

Það er líka athyglisvert að fylkin á austurströnd Kanada horfa í auknum mæli til okkar og hið nýstofnaða þing í Skotlandi hefur þegar sýnt áhuga á að leita til vesturs.

Breytingarnar sem orðið hafa í veröldinni á síðustu árum hafa gert aukna samvinnu á norðurslóðum að brýnu verkefni. Í þeim efnum eiga Færeyingar og Íslendingar svo sannarlega samleið, reynsla okkar og samráð geta orðið þjóðunum á norðurslóðum til verulegs vegsauka.

Svæðið frá austurströnd Kanada til Grænlands og yfir Atlantshafið til Íslands og Færeyja og héðan til Skotlands og nyrðri hluta Noregs, Svíþjóðar og Finnlands allt til vesturhéraða Rússlands hefur nú öðlast nýjan sess og það skiptir miklu máli að við nýtum til hlítar tækifærin sem þar bjóðast.

Ég veit að á Lögþingi Færeyinga er hugað vel að þessari þróun og ekkert yrði okkur Íslendingum kærara en að geta átt samleið með ykkur um hvernig við bregðumst við þessari nýju heimsmynd.

Ég óska Lögþingi Færeyinga allra heilla í vandasömum verkum og bið alla viðstadda að rísa úr sætum og lyfta glösum til heiðurs Lögþingi Færeyinga.